



## Minnisblað

**Til:** Borgarráðs  
**Efni:** Uppfærð þjóðhagsspá Hagstofu Íslands  
**Frá:** Fjármálastjóra

Þjóðhagsforsendur fjárhagsáætlunar 2018-2022 byggja að mestu leyti á hagspá Hagstofu Íslands sem birt var 31. maí sl. Þann 3. nóvember sl., birti Hagstofan uppfærða þjóðhagsspá um framvindu í efnahagsmálum næstu 5 árin. Í töflu hér fyrir neðan eru birt frávík uppfærðu spárinnar frá maíspánni, þ.e.a.s. nóvemberspá – maíspá:

	Mismunur á spám Hagstofu Íslands (nóv.spá - maíspá)						Meðaltal
	2017	2018	2019	2020	2021	2022	
Einkaneysla	0,9	0,1	0,2	0,2	0,1	0,1	0,3
Samneysla	0,4	0,0	0,1	-0,1	0,0	0,0	0,1
Fjármunamyndun	-1,0	-0,9	0,2	-0,8	-1,2	-0,8	-0,8
Útflutningur vöru og þjónustu	-0,7	0,2	-0,1	-0,8	-0,4	0,1	-0,3
Innflutningur vöru og þjónustu	2,9	0,4	0,9	-0,4	-0,9	-0,4	0,4
Verg landsframleiðsla	-1,1	-0,2	-0,2	-0,2	0,0	0,1	-0,3
Vinnumagn í Reykjavík	-	-	-	-	-	-	-
Vísitala neysluverðs	-0,1	0,2	0,0	-0,1	0,0	0,0	0,0
Gengisvísitala (hækkun = veiking krónu)	3,4	2,5	0,0	0,0	0,0	0,0	1,0
Launavísitala	0,1	-0,2	0,0	0,0	0,0	0,2	0,0
Álverð	-	-	-	-	-	-	-

Eins og sést hefur spáin ekki breyst mikið frá þjóðhagsspá 31. maí sl. Mesta breytingin á vexti hagstærða er á árinu 2017 en spáin frá 2018-2022 er lítið breytt. Á árinu 2017 hefur spá fyrir hagvöxt verið lækkuð um 1,1 prósentustig, einkaneysla einnig um 0,9 prósentustig, innflutningur er dálítið meiri eða um 2,9 prósentustig, fjármunamyndun aðeins lægri eða sem nemur 1 prósentustigi og gengið örlítið veikara eða sem nemur 3,4 prósentustigum. Aðrar breytingar eru hverfandi. Ef lítið er á meðaltal breytinga sést að í heildina lítið eru breytingar mjög litlar því sum árin vaxa og minnka hagstærðir á víxl sem jafnast út yfir spátímann.

Þær helstu hagstærðir sem skipta máli í sambandi við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar eru aðallega laun og verðlag en einnig hagvöxtur og gengi. Bæði laun og verðlag breytast lítið sem ekkert og hagvöxtur tiltölulega lítið. Gengisspáin hreyfist aðeins meira eða um 3,4 prósentustig árið 2017 og 2,5 prósentustig árið 2018, þ.e. nýja spáin gerir ráð fyrir örlítið veikara gengi en töluvert meiri óvissa er um nafngengisþróun heldur en aðrar hagstærðir.

Það er mat fjármálaskrifstofa að ekki sé tilefni til þess að breyta frumvarpi fjárhagsáætlun vegna uppfærðrar spár Hagstofu Íslands, þar sem forsendur hafa lítið breyst.

Birgir Björn Sigurjónsson,  
fjármálastjóri